

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2019/1832

2022/EES/53/24

frá 24. október 2019

um breytingu á I., II. og III. viðauka við tilskipun ráðsins 89/656/EBE að því er varðar hreinar tæknilegar breytingar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/656/EBE frá 30. nóvember 1989 um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu er starfsmenn nota persónuhlífar á vinnustöðum ⁽¹⁾, einkum 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 10. meginreglu Evrópustofnar félagslegra réttinda ⁽²⁾, sem sett var fram í Gautaborg 17. nóvember 2017, eiga allir starfsmenn rétt á heilnæmu, öruggu og vel aðlöguðu vinnuumhverfi. Réttur starfsmanna til öflugrar heilsuverndar og öryggis á vinnustað og til vinnuumhverfis sem er lagað að faglegum þörfum þeirra og gerir þeim kleift að taka lengur þátt á vinnumarkaði felur í sér notkun á persónuhlífum á vinnustað ef ekki er hægt að komast hjá áhættu eða takmarka hana nægilega með öðrum leiðum, ráðstöfunum, aðferðum eða tilhögun við skipulagningu vinnunnar.
- 2) Fram fór eftirámat, svokallað REFIT-mat (mat innan ramma áætlunarinnar um markvissa og skilvirka löggjöf) á framkvæmd tilskipana sem tengjast heilbrigði og öryggi starfsmanna á vinnustað, þ.m.t. tilskipun 89/656/EBE. Í matinu var horft til mikilvægis tilskipananna, rannsókna og nýrrar vísindabekkingar á hinum ýmsu viðkomandi sviðum. Niðurstöður REFIT-matsins, sem vísað er til í vinnuskjali framkvæmdastjórnarinnar fyrir starfsfólk ⁽³⁾, eru m.a. þær að notkun á persónuhlífum varði u.þ.b. 40% af vinnuafli innan ESB, þar eð ekki er hægt að komast hjá áhættu á vinnustöðum með öðrum hætti, og að taka þurfi á vandkvæðum varðandi framkvæmd tilskipunar 89/656/EBE.
- 3) Í orðsendingu sinni „Öruggari og heilsusamlegri vinna fyrir alla - nútímavæðing löggjafar og stefnu ESB um heilbrigði og öryggi á vinnustað“ ⁽⁴⁾ ítrekaði framkvæmdastjórnin að þótt REFIT-mat á réttarreglum Sambandsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað hafi staðfest að löggjöf á því sviði sé almennt skilvirk og henti tilgangi sínum, sé svigrúm til þess að uppfæra úreltar reglur og tryggja betri og víðtækari vernd, reglufylgni og framfylgd í reynd. Framkvæmdastjórnin leggur sérstaka áherslu á nauðsyn þess að taka til skoðunar skilgreininguna á persónuhlífum og notkun þeirra af hálfu ólíkra aðila og sviða, eins og mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 89/656/EBE.
- 4) Í tilskipun 89/656/EBE er mælt fyrir um lágmarkskröfur varðandi notkun starfsmanna á persónuhlífum á vinnustað, sem nota skal þegar ekki er hægt að komast hjá viðkomandi áhættu eða takmarka hana nægilega með tæknilegum ráðum sem veita almenna vernd, eða með ráðstöfunum, aðferðum eða tilhögun við skipulagningu vinnunnar. Til að greiða fyrir setningu almennu reglnanna, sem krafist er skv. 6. gr. tilskipunar 89/656/EBE, er í I., II. og III. viðauka við tilskipun 89/656/EBE að finna viðmiðunarreglur sem ekki eru bindandi, sem ætlað er að auðvelda og styðja við val á videigandi persónuhlífum vegna þeirrar áhættu, þeirra starfa og starfssviða sem um er að ræða.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2022 frá 8. Júlí 2022 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttð. EB L 393, 30.12.1989, bls. 18.

⁽²⁾ Evrópustofn félagslegra réttinda, 2017, https://ec.europa.eu/commission/sites/beta-political/files/social-summit-european-pillar-social-rights-booklet_en.pdf

⁽³⁾ SWD(2017) 10, lokagerð.

⁽⁴⁾ COM(2017) 12.

- 5) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425 ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um ákvæði varðandi hönnun, framleiðslu og markaðssetningu persónuhlífa. Með reglugerð (ESB) 2016/425 var áhættuflokkun á vörum breytt til að auðvelda vinnuveitendum að skilja og þannig nota persónuhlífar, eins og frekar er útskýrt í leiðbeiningunum um persónuhlífar ⁽⁶⁾ sem skýra málsmeðferð og atriði sem um getur í reglugerð (ESB) 2016/425. Rétt þykir að uppfæra I., II. og III. viðauka við tilskipun 89/656/EBE til að tryggja samræmi við áhættuflokkunina sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/425 og til að aðlaga þá þeirri íðorðanotkun sem notuð er og þeim tegundum persónuhlífa sem um getur í reglugerð (ESB) 2016/425.
- 6) Ákvæði 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 89/656/EBE gera ráð fyrir að vinnuveitendum sé skylt að láta í té persónuhlífar sem uppfylla viðeigandi ákvæði Sambandsins um hönnun og framleiðslu að því er varðar öryggi og heilbrigði. Samkvæmt þeirri grein verða vinnuveitendur, sem láta starfsfólki sínu í té slíkar persónuhlífar, að tryggja að þær uppfylli þær kröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/425.
- 7) Í I. viðauka við tilskipun 89/656/EBE er að finna yfirlitstöflu til að meta áhættu með tilliti til notkunar á persónuhlífum þar sem taldar eru til þær tegundir áhættu sem er að finna á vinnustöðum með tilliti til mismunandi hluta líkamans sem persónuhlífar eiga að verja. Breyta ætti I. viðauka til að taka tillit til nýrra tegunda áhættu sem er að finna á vinnustöðum og til að tryggja samræmi við áhættuflokkun og íðorð sem notuð eru, einkum í reglugerð (ESB) 2016/425.
- 8) Breyta ætti II. viðauka við tilskipun 89/656/EBE þar sem er að finna leiðbeinandi skrá, sem ekki er tæmandi, yfir tegundir persónuhlífa, til að taka tillit til þeirra nýju tegunda áhættu sem tilgreindar eru í I. viðauka við þá tilskipun. Einnig ætti að breyta II. viðauka þannig að fram komi dæmi um persónuhlífar sem nú eru fánlegar á markaðnum, í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/425 og íðorðanotkun í þeirri reglugerð.
- 9) Í III. viðauka við tilskipun 89/656/EBE er að finna leiðbeinandi skrá, sem ekki er tæmandi, yfir störf og starfssvið þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota persónuhlífar, þar sem teknar eru saman áhættuflokkarnir sem settar eru fram í I. viðauka við þá tilskipun og þær tegundir persónuhlífa sem lýst er í II. viðauka við þá tilskipun. Endurskipuleggja ætti III. viðauka við tilskipun 89/656/EBE til að tryggja samræmi milli íðorðanotkunar og flokkana sem notaðar eru í viðaukunum þremur og reglugerðar (ESB) 2016/425. Þetta mun gera vinnuveitendum á ólíkum sviðum og í ólíkum atvinnugreinum auðveldara að greina og láta í té persónuhlífar sem hæfa þeim sértæku störfum og þeim sértæku tegundum áhættu sem starfsmenn verða fyrir, eins og tilgreint er í áhættumatinu.
- 10) Haft var samráð við ráðgjafarnefndina um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum vegna þeirra ráðstafana sem koma til vegna samþykktar á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar, „Öruggari og heilsusamlegri vinna fyrir alla – nútímavæðing löggjafar og stefnu ESB um heilbrigði og öryggi á vinnustað“ og sem nauðsynlegar eru til að tryggja að löggjöf Sambandsins um heilbrigði og öryggi starfsmanna sé skilvirk og henti tilgangi sínum.
- 11) Í álitserð sinni, „Álitserð vegna nútímavæðingar sex tilskipana um heilbrigði og öryggi á vinnustað sem ætlað er að tryggja heilsusamlegri og öruggari vinnu fyrir alla“ ⁽⁷⁾ frá 6. desember 2017 mælir ráðgjafarnefndin um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum með því að tilskipun 89/656/EBE verði breytt til að auka mikilvægi hennar og skilvirkni.
- 12) Í síðari álitserð sinni, „Álitserð vegna tæknilegrar uppfærslu á viðaukum tilskipunarinnar um persónuhlífar (89/656/EBE)“ ⁽⁸⁾, sem samþykkt var 31. maí 2018, mælti ráðgjafarnefndin um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum með því að gerðar yrðu sérstakar uppfærslur á I., II. og III. viðauka við tilskipun 98/656/EBE, með tilliti til nýjustu tækniþróunar á þessu sviði og til að tryggja samræmi við reglugerð (ESB) 2016/425.
- 13) Við undirbúning yfirstandandi uppfærslu á I., II. og III. viðauka við tilskipun 89/656/EBE naut framkvæmdastjórnin aðstoðar sérfræðinga, sem eru fulltrúar aðildarríkjanna, sem veittu tæknilega og vísindalega aðstoð.

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/425 frá 9. mars 2016 um persónuhlífar og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/686/EBE (Stjút. ESB L 81, 31.3.2016, bls. 51).

⁽⁶⁾ Leiðbeiningar vegna reglugerðar um persónuhlífar – Leiðarvísir vegna beitingar reglugerðar (ESB) 2016/425 um persónuhlífar, <https://ec.europa.eu/docsroom/documents/29201>

⁽⁷⁾ Ráðgjafarnefnd um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum, skjal nr. 1718/2017.

⁽⁸⁾ Ráðgjafarnefndin um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum, skjal nr. 443/18.

- 14) Í samræmi við sameiginlegu pólitísku yfirlýsinguna um skýringarskjöl⁽⁹⁾ sem aðildarríkin og framkvæmdastjórnin samþykktu 28. september 2011 hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerna.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE⁽¹⁰⁾.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I., II og III. viðauka við tilskipun 89/656/EBE kemur texti viðaukans við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til þess að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. nóvember 2021. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríki samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. október 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽⁹⁾ Stjútíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

⁽¹⁰⁾ Tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum (Stjútíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1).

VIÐAUKI

1) Í stað I. viðauka við tilskipun 89/656/EBE kemur eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

ÁHÆTTA MEÐ TILLITI TIL LÍKAMSHLUTA SEM PERSÓNUHLÍFAR EIGA AÐ VERJA (*)

(*) Ekki er hægt að gera ráð fyrir að þessi listi yfir áhættu/líkamshluta sé tæmandi.

Áhættumatið mun ákvarða hvort nauðsynlegt sé að láta í té persónuhlífar og eiginleika þeirra samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar.

LÍKAMSHLUTAR SEM VERJA SKAL	ÁHÆTTA																									
	EDLISFRÆÐILEG							VEGNA EFNA (þ.m.t. nanóefna) (*)					LÍFFRÆÐILEGIR ÁHRIFAVALDAR (sem er að finna í)			ÖNNUR ÁHÆTTA										
	VEGNA VÉLRÆNNA KRAFTA							HÁVAÐI	VARMAFRÆÐI LEG		RAFMAGN		GEISLUN			ÚDAEFSNI	VÖKVAR		GAS OG GUFUR	ÚDA- EFNUM	VÖKVUM		EFNUM, EINSTAK- LINGUM, DÝRUM, O.S.FRV.	DRUKKNUN	SÚREFN- ISSKORT- UR	SKORTUR Á SKYGGNI
	(¹)	(²)	(³)	(⁴)	(⁵)	(⁶)	(⁷)		Hiti og/eda eldur	Kuldi	Raflost (⁸)	Stöðuraf- magn	Ójónandi (⁹)	Jónandi	Í fæstu formi (¹⁰)		Í vökva- formi (¹¹)	Ídýfing			Slettur, úði, bunur	Í fæstu og fljótandi formi				
Höfuð	Höfuðkúpa																									
	Allt höfuðið																									
Eyru																										
Augu																										
Andlit																										
Öndunarfæri																										
Hendur																										
Handleggir (hlutar)																										
Fætur																										
Fótleggir (hlutar)																										
Húð																										
Bolur/Kviður																										
Hluti líkamans																										
Allur líkaminn																										

- (¹) Högg af völdum hluta sem falla niður eða kastast til, af völdum áreksturs við hindrun og háþrýstisprautunar
- (²) Fall vegna þess að runnið er til
- (³) Fall úr vissri hæð
- (⁴) Titrangur
- (⁵) Stöðugar, staðbundinn þrýstingur á líkamshluta
- (⁶) Áverkar vegna vélræna krafta (skrámur, götun, skurðir, bit, sár eða stungur)
- (⁷) Hætta á að fletkjast og festa sig

- (⁸) Bein eða óbein snerting
- (⁹) Þur með talið sólarljós (annað en bein skoðun)
- (¹⁰) Ryk, gufur, reykur og trefjar
- (¹¹) Úði og móða

(*) Sbr. tilmæli 2011/696/ESB um skilgreiningu á nanóefni*.

2) Í stað II. viðauka við tilskipun 89/656/EBE kemur eftirfarandi:

„II. VIÐAUKI

**SKRÁ, SEM EKKI ER TÆMANDI, YFIR TEGUNDIR PERSÓNUHLÍFA MEÐ HLIÐSJÓN AF ÞEIRRI ÁHÆTTU SEM ÞÆR
VEITA VERND GEGN**

HÖFUÐHLÍFAR

- Hjálmar og/eða húfur/lambhúshettur/höfuðbúnaður til varnar gegn:
 - höggi af völdum hluta sem falla niður eða kastast til
 - árekstri við hindrun
 - Áhættu vegna vélrænna krafta (götun, skrámum)
 - stöðugum, staðbundnum þrýstingi (hliðarþrýstingi)
 - varmafræðilegri áhættu (eldi, hita, kulda, heitum föstum efnum, þ.m.t. bráðnum málmefnum)
 - raflosti og vinnu við spennuhafa hluti (e. live working)
 - áhættu vegna efna
 - ójónandi geislun (útfjólublárrí geislun, innrauðri geislun, sólar- eða suðugeislun)
- Hárnét til varnar gegn hættu á að flækjast

HEYRNARHLÍFAR

- Eyrnahlífar (þ.m.t. t.d. eyrnahlífar sem festar eru á hjálm, eyrnahlífar með virkri hljóðdeyfingu, eyrnahlífar með búnaði til móttöku hljóðmerkja)
- Eyrnatappar (þ.m.t. t.d. hljóðstyrksstyrðir eyrnatappar, eyrnatappar sem aðlagðir eru að einstaklingnum)

AUGN- OG ANDLITSHLÍFAR

- Gleraugu, hlífðargleraugu og andlitshlífar (linsur samkvæmt lyfseðli, eftir því sem við á) til varnar gegn:
 - áhættu vegna vélrænna krafta
 - varmafræðilegri áhættu
 - ójónandi geislun (útfjólublárrí geislun, innrauðri geislun, sólar- eða suðugeislun)
 - jónandi geislun
 - úðaeftum í föstu formi og vökvum með hvarfmiðlum og líffræðilegum áhrifavöldum

ÖNDUNARFÆRAHLÍFAR

- Súunarbúnaður til varnar gegn:
 - ögnum
 - gasi
 - ögnum og gasi
 - úðaeftum í föstu og/eða fljótandi formi
- Einangrunarbúnaður, þ.m.t. með loftbirgðum
- Búnaður fyrir undankomu
- Köfunarbúnaður

HANDA- OG HANDLEGGJAHLÍFAR

- Hanskar (þ.m.t. lúffur og handleggjahlífar) til varnar gegn:
 - áhættu vegna vélrænna krafta
 - varmafræðilegri áhættu (hita, logum og kulda)

- raflosti og vinnu við spennuhafa hluti (afrafmagnandi, leiðandi, einangrandi)
- áhættu vegna efna
- líffræðilegum áhrifavöldum
- jónandi geislun og geislamengun
- ójónandi geislun (útfjólublárrí geislun, innrauðri geislun, sólar- eða suðugeislun)
- áhættu af völdum titrings
- Fingurbjargir

HLÍFAR FYRIR FÆTUR OG FÓTLEGGI og hálkuvörn

- Skófatnaður (t.d. skór, þ.m.t. við tiltekna aðstæður klossar, stígvél sem kunna að hafa stáltá) til varnar gegn:
 - áhættu vegna vélrænna krafta
 - áhættu af því að renna til
 - varmafræðilegri áhættu (hita, logum og kulda)
 - raflosti og vinnu við spennuhafa hluti (afrafmagnandi, leiðandi, einangrandi)
 - áhættu vegna efna
 - áhættu af völdum titrings
 - líffræðilegri áhættu
- Ristarhlífar sem taka má af, til varnar gegn áhættu vegna vélrænna krafta
- Hnéhlífar til varnar gegn áhættu vegna vélrænna krafta
- Legghlífar til varnar gegn áhættu vegna vélrænna krafta, varmafræðilegri og efnafræðilegri áhættu og líffræðilegum áhrifavöldum
- Aukabúnaður (t.d. gaddar, mannbroddar)

HÚÐVÖRN — HLÍFÐARKREM ⁽¹⁾

- Hlífðarkrem gætu verið til varnar gegn:
 - ójónandi geislun (útfjólublárrí geislun, innrauðri geislun, sólar- eða suðugeislun)
 - jónandi geislun
 - efnun
 - líffræðilegum áhrifavöldum
 - varmafræðilegri áhættu (hita, logum og kulda)

LÍKAMSVÖRN / ÖNNUR HÚÐVÖRN

- Persónuhlífar til að verjast falli úr vissri hæð, t.d. inndraganlegur fallstöðvunarbúnaður, rammgerðar ólar, setbelti, vinnustellingar- og festingarbelti og vinnustellingardrageipi, orkugleypar, stýrður fallstöðvunarbúnaður, þ.m.t. akkerislína, stillibúnaður fyrir reipi, festingarbúnaður sem ekki er hannaður til varanlegrar festingar og sem ekki er þörf á að festa fyrir notkun, tengibúnaður, drageipi, björgunarólar
- Hlífðarfatnaður, þ.m.t. fyrir allan líkamann (þ.e. gallar, samfestingar) og fyrir hluta líkamans (þ.e. legghlífar, buxur, jakkar, vesti, svuntur, hnéhlífar, hettur, lambhúshettur) til varnar gegn:
 - áhættu vegna vélrænna krafta
 - varmafræðilegri áhættu (hita, logum og kulda)
 - efnun

⁽¹⁾ Við tiltekna aðstæður, í kjölfar niðurstöðu áhættumats, gætu hlífðarkrem verið notuð með öðrum persónuhlífum til að vernda húð starfsmanna gegn tengdri áhættu. Hlífðarkrem teljast persónuhlífar samkvæmt gildissviði tilskipunar 89/656/EBE þar sem þessi tegund búnaðar getur við tiltekna aðstæður talist sem „viðbótar- eða aukabúnaður“ í skilningi 2. gr. tilskipunar 89/656/EBE. Hlífðarkrem eru hins vegar ekki persónuhlífar samkvæmt skilgreiningunni í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2016/425.

- líffræðilegum áhrifavöldum
 - jónandi geislun og geislaengun
 - ójónandi geislun (útfjólublárrí geislun, innrauðri geislun, sólar- eða suðugeislun)
 - raflosti og vinnu við spennuhafa hluti (afrafmagnandi, leiðandi, einangrandi)
 - hættu á að flækjast og festa sig
 - Björgunarvesti til að koma í veg fyrir drukknun og flotbúnaður
 - Persónuhlífar sem gefa sjónrænt merki um hvar notandi er“.
- 3) Í stað III. viðauka við tilskipun 89/656/EBE kemur eftirfarandi:

„III. VIÐAUKI

SKRÁ, SEM EKKI ER TÆMANDI, YFIR STÖRF OG STARFSSVIÐ ÞAR SEM NAUÐSYNLEGT GETUR REYNST AÐ NOTA PERSÓNUHLÍFAR (*)

(*) Áhættumatið mun ákvarða hvort nauðsynlegt sé að láta í té persónuhlífar og eiginleika þeirra samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar

I. EDLISFRÆÐILEG ÁHÆTTA

Áhætta	Líkamshluti sem verður fyrir áhrifum Tegund persónuhlífa	Dæmi um störf þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota samsvarandi tegund persónuhlífa (*)	Atvinnugrein og svið
EDLISFRÆÐILEG — VEGNA VÉLRÆNNA KRAFTA			
Högg af völdum hluta sem falla niður eða kastast til, af völdum áreksturs við hindrun og háþrýstisprautunar	Höfuðkúpa Öryggishjálmur	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna á vinnuþöllum eða upphækkunum, undir þeim eða hjá þeim — Vinna við uppslátt og vegavinna — Uppsláttur og frásláttur móta — Samsetning og uppsetning vinnupalla — Vinna við uppsetningu og samsetningu — Niðurrif — Sprengivinna — Vinna í gryfjum, skurðum, stokkum og göngum — Vinna í grennd við lyftur og lyftibúnað, krana og færribönd — Vinna við jarðefnatekju ofan- eða neðanjarðar eða í opnum gryfjum — Vinna við verksmiðjuofna, geyma, vélar, í geymsluturnum og byrgjum og við leiðslur — Slátrun og stykkjun í sláturhúsum — Meðhöndlun farms eða flutningar og geymsla — Skógarvinna — Vinna við stálbrýr, stálgrindur bygginga, vatnsvirki úr stáli, við háofna, stálbræðslur og völsunarstöðvar, stóra geyma og leiðslulagnir, hitakatla og orkuver — Malar- og grjótnám — Vinna með naglabyssum og hnoðverkfærum — Vinna við háofna, við málmvinnslu með afoxun, stálbræðslu, á völsunarstöð, á málmsmíðaverkstæðum, við málmsmíði, fallhamarssmíði og málmsteypu — Vinna sem felur í sér ferðalög á reiðhjólum og vélknúnum hjólum 	<ul style="list-style-type: none"> — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Framleiðsla, uppsetning og viðhald véla — Skipasmíði — Námuvinnsla — Orkuvinnsla — Bygging og viðhald grunnvirkja — Járn- og stáliðnaður — Sláturhús — Röðun á járnbrautarvögnum — Hafnir, flutningar og vörustjórnun — Skógariðnaður

Áhætta	Líkamshluti sem verður fyrir áhrifum Tegund persónuhlífa	Dæmi um störf þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota samsvarandi tegund persónuhlífa (*)	Atvinnugrein og svið
	Augu og/eða andlit Gleraugu, hlífðargleraugu og andlitshlífar	<ul style="list-style-type: none"> — Suðuvinna, slípun og sögun — Hömrún með handaflí — Sprungufylling og meitlun — Steinnám og steinhögg — Vinna með naglabyssum og hnoðverkfærum — Vélhrensun á efni sem flísast úr við vinnslu — Fallhamarssmíði — Mulningur og hrensun á flísum og brotum — Sandblástur — Vinna með sláttuorf með blaði eða keðjusög — Tannaðgerðir og skurðaðgerðir 	<ul style="list-style-type: none"> — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Framleiðsla, uppsetning og viðhald véla — Skipasmíði — Námuvinnsla — Orkuvinnsla — Bygging og viðhald grunnvirkja — Járn- og stáliðnaður — Málm- og timburiðnaður — Steinhögg — Garðyrkja — Heilbrigðisþjónusta — Skógrækt
	Fætur og fótleggir (hlutar) Skófatnaður (skór/stígvél, o.s.frv.) með távörn til öryggis eða verndar Skófatnaður með ristarvörn	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna við uppslátt og vegavinna — Uppsláttur og frásláttur móta — Samsetning og uppsetning vinnupalla — Niðurrif — Sprengivinna — Steinnám og steinhögg — Slátrun og stykkjun — Flutningar og geymsla — Meðhöndlun á mótum til leirbrenslu — Meðhöndlun á frystum kjötblökkum og ílátum til varðveislu á matvælum — Framleiðsla, meðferð og vinnsla á glerplötum og glerflátum — Vinna við viðhald og breytingar — Skógarvinna — Steypuvinna og vinna við forsmíðaðar einingar þar sem uppsláttur og frásláttur móta fer fram — Vinna á athafnasvæðum verktaka og lagervinna — Vinna á þökum — Vinna við stálbrýr, stálgrindur bygginga, möstur, turna, lyftur, vatnsvirki úr stáli, háofna, stálbræðslur og völsunarstöðvar, stóra geyma og leiðslulagnir, lyftikrana, hitakatla og orkuver — Ofnasmíði, vinna við hitalagnir og loftstokka og vinna við samsetningu á málmeiningum — Vinna við háofna, við málmvinnslu með afoxun, stálbræðslu, á völsunarstöð, á málmsmíðaverkstæðum, við málmsmíði, fallhamarssmíði, heitpressun og þráðdrátt — Vinna við jarðefnatekju í opnum námum eða gryfjum, kolanám 	<ul style="list-style-type: none"> — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Framleiðsla, uppsetning og viðhald véla — Skipasmíði — Námuvinnsla — Orkuvinnsla — Bygging og viðhald grunnvirkja — Járn- og stáliðnaður — Sláturhús — Vörustjórnunarfyrirtæki — Framleiðsluðnaður — Gleriðnaður — Skógariðnaður

Áhætta	Líkamshluti sem verður fyrir áhrifum Tegund persónuhlífa	Dæmi um störf þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota samsvarandi tegund persónuhlífa (*)	Atvinnugrein og svið
		<ul style="list-style-type: none"> — Meðhöndlun á mótum til leirbrennslu — Fóðrun leirbrennsluofna — Röðun á járnbrautarvögnum 	
Fall vegna þess að runnið er til	Fætur Stamur skófatnaður	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna á hálu undirlagi — Vinna í röku umhverfi 	<ul style="list-style-type: none"> — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Skipasmíði — Sláturhús — Hreinsun — Matvælaíðnaður — Garðyrkja — Fiskiðnaður
Fall úr vissri hæð	Allur líkaminn Persónuhlífar til að koma í veg fyrir eða stöðva fall úr vissri hæð	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna á vinnuþöllum — Samsetning á forsmíðuðum einingum — Vinna við möstur — Vinna á þökum — Vinna á lóðréttu eða hallandi undirlagi — Vinna í stjórnklefum lyftikrana hátt yfir umhverfinu — Vinna við stjórn hárra gaffallyftara — Vinna uppi í borturnum — Vinna í göngum og ræsum 	<ul style="list-style-type: none"> — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Skipasmíði — Viðhald innviða
Titringur	Hendur Hlífðarhanskar	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna með handstýrðum verkfærum 	<ul style="list-style-type: none"> — Framleiðsluðnaður — Byggingarvinna — Mannvirkjagerð
Stöðugur, staðbundinn þrýstingur á líkamshluta	Hné (hlutar fótleggja) Hnéhlífar	<ul style="list-style-type: none"> — Gólfögn með blokkum, flísum og hellusteinum 	<ul style="list-style-type: none"> — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð
	Fætur Skófatnaður með távörn	<ul style="list-style-type: none"> — Niðurrif — Meðhöndlun farms 	<ul style="list-style-type: none"> — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Flutningar og geymsla — Viðhald
Áverkar vegna vélrænna krafta (skrámur, götun, skurðir, bit, sár eða stungur)	Augu og/eða andlit Gleraugu, hlífðargleraugu, andlitshlífar	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna með handstýrðum verkfærum — Suðuvinna og málmsmíði — Slípun og sögun — Meitlun — Steinnám og steinhögg — Vélhreinsun á efni sem flífast úr við vinnslu — Fallhamarssmíði — Mulningur og hreinsun á flísum og brotum — Sandblástur 	<ul style="list-style-type: none"> — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Skipasmíði — Námuvinnsla — Orkuvinnsla — Viðhald innviða — Járn- og stáliðnaður — Málm- og timburiðnaður — Steinhögg

Áhætta	Líkamshluti sem verður fyrir áhrifum Tegund persónuhlífa	Dæmi um störf þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota samsvarandi tegund persónuhlífa (*)	Atvinnugrein og svið
		— Vinna með sláttuorf með blaði eða keðjusög	— Garðyrkja — Skógrækt
	Hendur Hlífðarhanskar til að verjast áverkum	— Vinna við stálgrindur — Meðhöndlun á hlutum með hvassar brúnir, þó ekki ef unnið er við vélar þar sem hanski getur fest — Hefðbundin vinna með handhníf við framleiðslu og slátrun — Þegar skipt er um hnífa í skurðarvélum — Skógarvinna — Garðyrkjuvinna	— Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Skipasmíði — Viðhald innviða — Framleiðsluiðnaður — Matvælaiðnaður — Slátrun — Skógariðnaður
	Framhandleggir Handleggjahlífar	— Úrbeining og stykkjun	— Matvælaiðnaður — Slátrun
	Bolur/Kviður/Fætur Hlífðarsvunta, legghlífar Buxur með viðnámi (buxur með skurðvörn)	— Hefðbundin vinna með handhníf við framleiðslu og slátrun — Skógarvinna	— Matvælaiðnaður — Slátrun — Skógariðnaður
	Fætur Skófatnaður með viðnámi	— Vinna við uppslátt og vegavinna — Niðurrif — Uppsláttur og frásláttur móta — Skógarvinna	— Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Skipasmíði — Námuvinnsla — Skógariðnaður
Hætta á að flækjast og festa sig	Allur líkaminn Hlífðarfatnaður til nota þegar hætta er á að flækjast í hlutum á hreyfingu	— Að flækjast í hlutum véla — Að festa sig í hlutum véla — Að festa fatnað í hlutum véla — Að berast burt	— Vélasmiði — Framleiðsla þungavinnuvéla — Verkfræði — Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð — Landbúnaður
EDLISFRÆÐILEG — HÁVAÐI			
Hávaði	Eyru Heyrnarhlífar	— Vinna við málmpressur — Vinna með loftbora — Störf hlaðmanna á flugvöllum — Vinna með vélknúin verkfæri — Sprengivinna — Vinna við að koma fyrir stálþiljum — Vinna í trésmíða- og vefnaðariðnaði	— Málmiðnaður — Framleiðsluiðnaður — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Flugíðnaður — Námuvinnsla

Áhætta	Líkamshluti sem verður fyrir áhrifum Tegund persónuhlífa	Dæmi um störf þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota samsvarandi tegund persónuhlífa (*)	Atvinnugrein og svið
EDLISFRÆÐILEG — VARMAFRÆÐILEG			
Hiti og/eða eldur	Andlit/Allt höfuðið Höfuðhlíf vegna suðu, hjálmar/húfur til varnar gegn hita eða eldi, öryggishettur gegn hita og/eða logum	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna í návígi við mikinn hita, hitageislun eða eld — Vinna með eða í nágrenni við bráðin efni — Vinna með hitabyssur fyrir plast 	<ul style="list-style-type: none"> — Járn- og stáliðnaður — Málmíðnaður — Viðhaldsþjónusta — Framleiðsluiðnaður
	Bolur/kviður/fótleggir Hlífðarsvunta, legghlífar	<ul style="list-style-type: none"> — Suðuvinna og málmsmíði — Málmsteypa 	<ul style="list-style-type: none"> — Járn- og stáliðnaður — Málmíðnaður — Viðhaldsþjónusta — Framleiðsluiðnaður
	Hendur Hlífðarhanskar til varnar gegn hita og/eða logum	<ul style="list-style-type: none"> — Suðuvinna og málmsmíði — Vinna í návígi við mikinn hita, hitageislun eða eld — Vinna með eða í nágrenni við bráðin efni 	<ul style="list-style-type: none"> — Járn- og stáliðnaður — Málmíðnaður — Viðhaldsþjónusta — Framleiðsluiðnaður
	Framhandleggir Ermar	<ul style="list-style-type: none"> — Suðuvinna og málmsmíði — Vinna með eða í nágrenni við bráðin efni 	<ul style="list-style-type: none"> — Járn- og stáliðnaður — Málmíðnaður — Viðhaldsþjónusta — Framleiðsluiðnaður
	Fætur Skófatnaður til varnar gegn hita og/eða logum	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna með eða í nágrenni við bráðin efni 	<ul style="list-style-type: none"> — Járn- og stáliðnaður — Málmíðnaður — Viðhaldsþjónusta — Framleiðsluiðnaður
	Allur líkaminn/hluti líkamans Hlífðarfatnaður til varnar gegn hita og/eða logum	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna í návígi við mikinn hita, hitageislun eða eld 	<ul style="list-style-type: none"> — Járn- og stáliðnaður — Málmíðnaður — Skógariðnaður
Kuldi	Hendur Hlífðarhanskar til varnar gegn kulda Fætur Skófatnaður til varnar gegn kulda	<ul style="list-style-type: none"> — Útvinna í miklum kulda — Vinna í djúpfrystiklefum — Vinna með lághitavökva 	<ul style="list-style-type: none"> — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Skipasmíði — Námuvinnsla — Matvælaíðnaður — Landbúnaður og sjávarútvegur
	Allur líkaminn/hluti líkamans, þ.m.t. höfuðið Hlífðarfatnaður til varnar gegn kulda	<ul style="list-style-type: none"> — Útvinna í kulda — Vinna í djúpfrystiklefum 	<ul style="list-style-type: none"> — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Skipasmíði — Námuvinnsla — Matvælaíðnaður — Landbúnaður og sjávarútvegur — Flutningar og geymsla

Áhætta	Líkamshluti sem verður fyrir áhrifum Tegund persónuhlífa	Dæmi um störf þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota samsvarandi tegund persónuhlífa (*)	Atvinnugrein og svið
EDLISFRÆÐILEG — RAFMAGN			
Raflost (bein eða óbein snerting)	Allt höfuðið Rafeinangrandi hjálmar Hendur Rafeinangrandi hanskar Fætur Rafeinangrandi skófatnaður Allur líkaminn/ Hendur/Fætur Rafleiðandi persónuhlífar sem hæfum einstaklingum er ætlað að bera við vinnu við aflkerfi með málspennu allt að 800 kV AC og 600 kV DC	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna við spennuhafa hluti eða nærri spennuhafa hlutum sem spenna er á — Vinna við rafkerfi 	<ul style="list-style-type: none"> — Orkuvinnsla — Flutningur og dreifing raforku — Viðhald iðnaðaraðstöðu — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð
Stöðurafmagn	Hendur Afrafmagnandi hanskar Fætur Afrafmagnandi/ rafleiðandi skófatnaður Allur líkaminn Afrafmagnandi fatnaður	<ul style="list-style-type: none"> — Meðhöndlun plasts og gúmmís — Að hella, safna eða setja í geymi — Vinna nærri hlutum með háa hleðslu, t.d. færíböndum — Meðhöndlun sprengifimra efna 	<ul style="list-style-type: none"> — Framleiðsluiðnaður — Fóðuriðnaður — Pökkunarstöðvar — Framleiðsla, geymsla eða flutningur sprengifimra efna
EDLISFRÆÐILEG — GEISLUN			
Ójónandi geislun, þ.m.t. sólarljós (annað en bein skoðun)	Höfuð Húfur og hjálmar	<ul style="list-style-type: none"> — Útvinna 	<ul style="list-style-type: none"> — Fiskveiðar og landbúnaður — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð
	Augu Öryggisgleraugu, hlífðargleraugu og andlitshlífar	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna í hitageislun — Starfræksla bræðsluofna — Vinna við leysigeisla — Útvinna — Suðuvinna og gasskurður — Glerblástur — Sýklaeyðandi lampar 	<ul style="list-style-type: none"> — Járn- og stáliðnaður — Framleiðsluiðnaður — Fiskveiðar og landbúnaður
	Allur líkaminn (húð) Persónuhlífar til varnar gegn útfjólubláu náttúrulegu ljósi og gerviljósi	<ul style="list-style-type: none"> — Útvinna — Rafsuða — Sýklaeyðandi lampar — Xenon-lampar 	<ul style="list-style-type: none"> — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Skipasmíði — Námuvinnsla — Orkuvinnsla — Viðhald innviða — Fiskveiðar og landbúnaður

Áhætta	Líkamshluti sem verður fyrir áhrifum Tegund persónuhlífa	Dæmi um störf þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota samsvarandi tegund persónuhlífa (*)	Atvinnugrein og svið
			<ul style="list-style-type: none"> — Skógariðnaður — Garðyrkja — Matvælaiðnaður — Plastiðnaður — Prentiðnaður
Jónandi geislun	Augu Öryggisgleraugu/ hlífðarglæraugu til varnar gegn jónandi geislun Hendur Hlífðarhanskar til varnar gegn jónandi geislun	<ul style="list-style-type: none"> — Starfsemi í röntgenaðstöðu — Starfsemi á sviði lækisfræðilegrar geislagreiningar — Vinna með geislavirkar vörur 	<ul style="list-style-type: none"> — Heilbrigðisþjónusta — Dýralækningar — Úrvinnslustöð fyrir geislavirkan úrgang — Orkuvinnsla
	Bolur/kviður/ hluti líkamans Hlífðarsvunta til varnar gegn röntgengeislum/ Jakki/Vesti/Pils til varnar gegn röntgengeislum	<ul style="list-style-type: none"> — Starfsemi í röntgenaðstöðu — Starfsemi á sviði lækisfræðilegrar geislagreiningar 	<ul style="list-style-type: none"> — Heilbrigðisþjónusta — Dýralækningar — Tannlækningar — Þvafæralækningar — Skurðlækningar — Íhlutunargeislalækningar — Rannsóknarstofur
	Höfuð Höfuðföt & húfur Persónuhlífar til varnar gegn t.d. þróun heilaæxla	<ul style="list-style-type: none"> — Lækisfræðilegir röntgenvinnustaðir og -aðstaða 	<ul style="list-style-type: none"> — Heilbrigðisþjónusta — Dýralækningar — Tannlækningar — Þvafæralækningar — Skurðlækningar — Íhlutunargeislalækningar
	Hluti líkamans Persónuhlífar til að verja skjaldkirtilinn Persónuhlífar til að verja kynkirtla	<ul style="list-style-type: none"> — Starfsemi í röntgenaðstöðu — Starfsemi á sviði lækisfræðilegrar geislagreiningar 	<ul style="list-style-type: none"> — Heilbrigðisþjónusta — Dýralækningar
	Allur líkaminn Hlífðarfatnaður til varnar gegn jónandi geislun	<ul style="list-style-type: none"> — Starfsemi á sviði lækisfræðilegrar geislagreiningar — Vinna með geislavirkar vörur 	<ul style="list-style-type: none"> — Orkuvinnsla — Úrvinnslustöð fyrir geislavirkan úrgang

II. **ÁHÆTTA VEGNA EFNA (þ.m.t. nanóefna)***

Áhætta	Líkamshluti sem verður fyrir áhrifum Tegund persónuhlífa	Dæmi um störf þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota samsvarandi tegund persónuhlífa (*)	Atvinnugrein og svið
VEGNA EFNA — ÚDAEFNI			
Í föstu formi (ryk, gufur, reykur, trefjar, og nanóefni)	Öndunarfæri Öndunarfærahlífar til varnar gegn ögnum	<ul style="list-style-type: none"> — Niðurrif — Sprengivinna — Slípun og pússun yfirborðs — Vinna í návígi við asbest — Notkun efna sem samanstanda af eða innihalda nanóagnir — Suðuvinna — Hreinsun skorsteina — Vinna við fóðrun á bræðsluofnum og málmkerum þar sem búast má við ryki — Vinna í námunda við aftöppunarop háofna þar sem búast má við þungmálmagufum — Vinna í námunda við útblástur úr háofnum 	<ul style="list-style-type: none"> — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Skipasmíði — Námuvinnsla — Járn- og stáliðnaður — Málm- og timburiðnaður — Ökutækjaiðnaður — Steinhögg — Lyfjaiðnaður — Heilbrigðisþjónusta — Tilreiðsla frumuhemjandi lyfja
	Hendur Hlífðarhanskar til varnar gegn efnaáhrifum og hlífðarkrem sem viðbótar-/aukavörn	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna í návígi við asbest — Notkun efna sem samanstanda af eða innihalda nanóagnir 	<ul style="list-style-type: none"> — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Skipasmíði — Viðhald iðnaðaraðstöðu
	Allur líkaminn Hlífðarfátnaður til varnar gegn föstum efnisögnum	<ul style="list-style-type: none"> — Niðurrif — Vinna í návígi við asbest — Notkun efna sem samanstanda af eða innihalda nanóagnir — Hreinsun skorsteina — Tilreiðsla plöntuverndarvara 	<ul style="list-style-type: none"> — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Skipasmíði — Viðhald iðnaðaraðstöðu — Landbúnaður
	Augu Gleraugu/hlífðargle raugu og andlitshlífar	<ul style="list-style-type: none"> — Trésmíði — Vegavinna 	<ul style="list-style-type: none"> — Námuíðnaður — Málm- og timburiðnaður — Framkvæmdir við mannvirkjagerð
Í vökvaformi (úði og móða)	Öndunarfæri Öndunarfærahlífar til varnar gegn ögnum	<ul style="list-style-type: none"> — Yfirborðsmeðferð (t.d. lökkun/málun, sandblástur) — Hreinsun yfirborðs 	<ul style="list-style-type: none"> — Málmíðnaður — Framleiðsluiðnaður — Svið vélknúinna ökutækja
	Hendur Hlífðarhanskar til varnar gegn efnaáhrifum	<ul style="list-style-type: none"> — Yfirborðsmeðferð — Hreinsun yfirborðs — Vinna með úðunarvökva — Vinna með sýrur og basískar lausnir, sótthreinsiefni og ætandi hreinsiefni 	<ul style="list-style-type: none"> — Málmíðnaður — Framleiðsluiðnaður — Svið vélknúinna ökutækja
	Allur líkaminn Efnahlífðarfátnaður	<ul style="list-style-type: none"> — Yfirborðsmeðferð — Hreinsun yfirborðs 	<ul style="list-style-type: none"> — Málmíðnaður — Framleiðsluiðnaður — Svið vélknúinna ökutækja

Áhætta	Líkamshluti sem verður fyrir áhrifum Tegund persónuhlífa	Dæmi um störf þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota samsvarandi tegund persónuhlífa (*)	Atvinnugrein og svið
VEGNA EFNA — VÖKVAR			
Ídýfing Slettur, úði og bunur	Hendur Hlífðarhanskar til varnar gegn efnaáhrifum,	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna með úðunarvökva — Vinna með sýrur og basískar lausnir, sóthreinsiefni og ætandi hreingerningavörur — Vinnsla húðunarefna — Sútun — Vinna á hárgreiðslu- og snyrtistofum 	<ul style="list-style-type: none"> — Textíl- og fataiðnaður — Hreingerningaiðnaður — Bifreiðaiðnaður — Snyrti- og hárgreiðsluiðnaður
	Framhandleggir Hlífðarermar til varnar gegn efnaáhrifum	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna með sýrur og basískar lausnir, sóthreinsiefni og ætandi hreingerningavörur 	<ul style="list-style-type: none"> — Hreinsun — Efnaiðnaður — Hreingerningaiðnaður — Bifreiðaiðnaður
	Fætur Stígútl til varnar gegn efnaáhrifum	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna með úðunarvökva — Vinna með sýrur og basískar lausnir, sóthreinsiefni og ætandi hreingerningavörur 	<ul style="list-style-type: none"> — Textíl- og fataiðnaður — Hreingerningaiðnaður — Bifreiðaiðnaður
	Allur líkaminn Efnahlífðarfatnaður	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna með úðunarvökva — Vinna með sýrur og basískar lausnir, sóthreinsiefni og ætandi hreingerningavörur 	<ul style="list-style-type: none"> — Hreinsun — Efnaiðnaður — Hreingerningaiðnaður — Bifreiðaiðnaður — Landbúnaður
VEGNA EFNA — GAS OG GUFUR			
Gas og gufur	Öndunarfæri Öndunarfærahlífur til varnar gegn gasi	<ul style="list-style-type: none"> — Yfirborðsmeðferð (t.d. lökkun/málun, sandblástur) — Hreinsun yfirborðs — Vinna í gerjunar- og eimingarsölum — Vinna í geymum og niðurbrotstönkum — Vinna í geymum, afluktum rýmum og gaskyntum bræðsluofnum þar sem loft kann að vera blandað gasi eða súrefni kann að skorta — Hreinsun skorsteina — Sóthreinsiefni og ætandi hreinsiefni — Vinna í námunda við hvarfakúta og gasleiðslur háofna 	<ul style="list-style-type: none"> — Málmiðnaður — Svið vélknúinna ökutækja — Framleiðsluiðnaður — Hreingerningaiðnaður — Framleiðsla á drykkjum sem innihalda vínanda — Skólphreinsistöðvar — Sorpmeðhöndlunarstöðvar — Efnaiðnaður — Jarðolíu- og jarðgasefnaiðnaður
	Hendur Hlífðarhanskar til varnar gegn efnaáhrifum	<ul style="list-style-type: none"> — Yfirborðsmeðferð — Hreinsun yfirborðs — Vinna í gerjunar- og eimingarsölum — Vinna í geymum og niðurbrotstönkum — Vinna í geymum, afluktum rýmum og gaskyntum bræðsluofnum þar sem loft kann að vera blandað gasi eða súrefni kann að skorta 	<ul style="list-style-type: none"> — Málmiðnaður — Svið vélknúinna ökutækja — Framleiðsluiðnaður — Framleiðsla á drykkjum sem innihalda vínanda — Skólphreinsistöðvar — Sorpmeðhöndlunarstöðvar — Efnaiðnaður — Jarðolíu- og jarðgasefnaiðnaður

Áhætta	Líkamshluti sem verður fyrir áhrifum Tegund persónuhlífa	Dæmi um störf þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota samsvarandi tegund persónuhlífa (*)	Atvinnugrein og svið
	Allur líkaminn Efnahlífðarfatnaður	<ul style="list-style-type: none"> — Yfirborðsmeðferð — Hreinsun yfirborðs — Vinna í gerjunar- og eimingsölum — Vinna í geymum og niðurbrotstönkum — Vinna í geymum, afluktum rýmum og gaskyntum bræðsluofnum þar sem loft kann að vera blandað gasi eða súrefni kann að skorta 	<ul style="list-style-type: none"> — Málmiðnaður — Svið vélknúinna ökutækja — Framleiðsluúnaður — Framleiðsla á drykkjum sem innihalda vínanda — Skólphreinsistöðvar — Sorpmeðhöndlunarstöðvar — Efnaiðnaður — Jarðolíu- og jarðgasefnaiðnaður
	Augu Gleraugu, hlífðargleraugu og andlitshlífar	<ul style="list-style-type: none"> — Málningarsprautun — Trésmíði — Námuvinnsla 	<ul style="list-style-type: none"> — Svið vélknúinna ökutækja — Framleiðsluúnaður — Námuúnaður — Efnaiðnaður — Jarðolíu- og jarðgasefnaiðnaður

III. LÍFFRÆÐILEGIR ÁHRIFAVALDAR

Áhætta	Líkamshluti sem verður fyrir áhrifum Tegund persónuhlífa	Dæmi um störf þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota samsvarandi tegund persónuhlífa (*)	Atvinnugrein og svið
LÍFFRÆÐILEGIR ÁHRIFAVALDAR (sem er að finna í) - ÚDAEFNUM			
Í föstu og fljótandi formi	Öndunarfæri Öndunarfærahlífar til varnar gegn ögnum	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna sem felur í sér snertingu við líkamsvessa og -vefi manna og dýra — Vinna í návígi við líffræðilega áhrifavalda 	<ul style="list-style-type: none"> — Heilbrigðisþjónusta — Dýralæknastofur — Klínískar rannsóknarstofur — Rannsóknarstofur — Elliheimili — Heimaþjónusta — Skólphreinsistöðvar — Sorpmeðhöndlunarstöðvar — Matvælaíðnaður — Lífefnafræðileg framleiðsla
	Hendur Hlífðarhanskar til varnar gegn örverum Allur líkaminn/hluti líkamans Hlífðarfatnaður til varnar gegn líffræðilegum áhrifavöldum Augu og/eða andlit Öryggisgleraugu, hlífðargleraugu og andlitshlífar	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna sem felur í sér snertingu við líkamsvessa og -vefi manna og dýra — Vinna í návígi við líffræðilega áhrifavalda 	<ul style="list-style-type: none"> — Heilbrigðisþjónusta — Dýralæknastofur — Klínískar rannsóknarstofur — Rannsóknarstofur — Elliheimili — Heimaþjónusta — Skólphreinsistöðvar — Sorpmeðhöndlunarstöðvar — Matvælaíðnaður

Áhætta	Líkamshluti sem verður fyrir áhrifum Tegund persónuhlífa	Dæmi um störf þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota samsvarandi tegund persónuhlífa (*)	Atvinnugrein og svið
LÍFFRÆÐILEGIR ÁHRIFAVALDAR (sem er að finna í) - VÖKVUM			
Bein og óbein snerting	Hendur Hlífðarhanskar til varnar gegn örverum Allur líkaminn/ hluti líkamans Hlífðarfatnaður til varnar gegn líffræðilegum áhrifavöldum Augu og/eða andlit Hlífðargleraugu og andlitshlífar	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna sem felur í sér snertingu við líkamsvessa og -vefi manna og dýra (bit, stungur) — Vinna í návígi við líffræðilega áhrifavalda 	<ul style="list-style-type: none"> — Heilbrigðisþjónusta — Dýralæknastofur — Klínískar rannsóknarstofur — Rannsóknarstofur — Elliheimili — Heimaþjónusta — Skólphreinsistöðvar — Sorpmeðhöndlunarstöðvar — Matvælaíðnaður — Skógariðnaður
	Hendur Hlífðarhanskar til varnar gegn örverum	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna sem felur í sér snertingu við líkamsvessa og -vefi manna og dýra — Vinna í návígi við líffræðilega áhrifavalda 	<ul style="list-style-type: none"> — Heilbrigðisþjónusta — Dýralæknastofur — Klínískar rannsóknarstofur — Rannsóknarstofur — Elliheimili — Heimaþjónusta — Skólphreinsistöðvar — Sorpmeðhöndlunarstöðvar — Matvælaíðnaður
	Framhandleggir Hlífðarermar til varnar gegn örverum	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna sem felur í sér snertingu við líkamsvessa og -vefi manna og dýra — Vinna í návígi við líffræðilega áhrifavalda 	<ul style="list-style-type: none"> — Heilbrigðisþjónusta — Dýralæknastofur — Klínískar rannsóknarstofur — Rannsóknarstofur — Elliheimili — Heimaþjónusta — Skólphreinsistöðvar — Sorpmeðhöndlunarstöðvar — Matvælaíðnaður
	Fætur/fótleggir Hlífðarstígvél og legghlífar	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna sem felur í sér snertingu við líkamsvessa og -vefi manna og dýra — Vinna í návígi við líffræðilega áhrifavalda 	<ul style="list-style-type: none"> — Heilbrigðisþjónusta — Dýralæknastofur — Klínískar rannsóknarstofur — Rannsóknarstofur — Elliheimili — Heimaþjónusta — Skólphreinsistöðvar — Sorpmeðhöndlunarstöðvar — Matvælaíðnaður

Áhætta	Líkamshluti sem verður fyrir áhrifum Tegund persónuhlífa	Dæmi um störf þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota samsvarandi tegund persónuhlífa (*)	Atvinnugrein og svið
	Allur líkaminn Hlífðarfatnaður til varnar gegn líffræðilegum áhrifavöldum	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna sem felur í sér snertingu við líkamsvessa og -vefi manna og dýra — Vinna í návígi við líffræðilega áhrifavalda 	<ul style="list-style-type: none"> — Heilbrigðisþjónusta — Dýralæknastofur — Klínískar rannsóknarstofur — Rannsóknarstofur — Elliheimili — Heimaþjónusta — Skólphreinsistöðvar — Sorpmeðhöndlunarstöðvar — Matvælaíðnaður

LÍFFRÆÐILEGIR ÁHRIFAVALDAR (sem er að finna í) – EFNI, EINSTAKLINGUM, DÝRUM, O.S.FRV.

Bein og óbein snerting	Hendur Hlífðarhanskar til varnar gegn örverum Allur líkaminn/hluti líkamans Hlífðarfatnaður til varnar gegn líffræðilegum áhrifavöldum Augu og/eða andlit Hlífðargleraugu og andlitshlífar	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna sem felur í sér snertingu við líkamsvessa og -vefi manna og dýra (bit, stungur) — Vinna í návígi við líffræðilega áhrifavalda 	<ul style="list-style-type: none"> — Heilbrigðisþjónusta — Dýralæknastofur — Klínískar rannsóknarstofur — Rannsóknarstofur — Elliheimili — Heimaþjónusta — Skólphreinsistöðvar — Sorpmeðhöndlunarstöðvar — Matvælaíðnaður — Skógariðnaður
-------------------------------	--	--	---

IV. ÖNNUR ÁHÆTTA

Áhætta	Líkamshluti sem verður fyrir áhrifum Tegund persónuhlífa	Dæmi um störf þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota samsvarandi tegund persónuhlífa (*)	Atvinnugrein og svið
Skortur á skyggni	Allur líkaminn Persónuhlífar sem gefa sjónrænt merki um hvar notandi er	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna í námunda við ökutæki á hreyfingu — Malbiksvinna og vegamerking — Vinna við járnbrautir — Akstur flutningatækja — Störf hlaðmanna á flugvöllum 	<ul style="list-style-type: none"> — Byggingarframkvæmdir — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Skipasmíði — Námuvinnsla — Flutningaþjónusta og farþegaflutningar
Súrefnisskortur	Öndunarfæri Einangrandi öndunarfærahlífar	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna í lokuðum rýmum — Vinna í gerjunar- og eimingarsölum — Vinna í geymum og niðurbrotstönkum — Vinna í geymum, afluktum rýmum og gaskyntum bræðsluofnum þar sem loft kann að vera blandað gasi eða súrefni kann að skorta — Vinna í stokkum, ræsum og annars staðar neðanjarðar þar sem fráveituvatn er leitt 	<ul style="list-style-type: none"> — Framleiðsla á drykkjum sem innihalda vínanda — Framkvæmdir við mannvirkjagerð — Efnaiðnaður — Jarðolíu- og jarðgasefnaiðnaður
	Öndunarfæri Köfunarbúnaður	<ul style="list-style-type: none"> — Vinna undir yfirborði vatns eða sjávar 	<ul style="list-style-type: none"> — Framkvæmdir við mannvirkjagerð

Áhætta	Líkamshluti sem verður fyrir áhrifum Tegund persónuhlífa	Dæmi um störf þar sem nauðsynlegt getur reynst að nota samsvarandi tegund persónuhlífa (*)	Atvinnugrein og svið
Drukknun	Allur líkaminn Björgunarvesti	<ul style="list-style-type: none">— Vinna á eða nærri vatni— Vinna á sjó— Vinna í flugvél	<ul style="list-style-type: none">— Fiskiðnaður— Flugíðnaður— Byggingarframkvæmdir— Framkvæmdir við mannvirkjagerð— Skipasmíði— Skipakvía og hafnir“